

# 2020

## ÁRSSKÝRSLA




Vestfjarðastofa



## Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)	8
Starfsemi Vestfjarðastofu	12
Rekstur og hagsmunagæsla	14
Sóknaráætlun Vestfjarða	22
Atvinnuþróun	26
Byggðaðróun	33
Menningarmál	39
Markaðsstofa Vestfjarða	42



## Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2020 var öðruvísi en öll önnur ár. Fjarfundir gerðu að verkum að hægt var að halda verkefnum gangandi. Samskipti og samstarf færðust í tölvuna. Við höldum sjó.

Á Vestfjarðastofu fundum við sannarlega fyrir áhrifum heimsfaraldurs. Mörg okkar unnu heiman frá okkur hluta ársins. Við skiptumst á að mæta á starfsstöðvar. Við höldum daglega fundi á Teams til að viðhalda tengslum og halda verkefnum gangandi. Eins og sjá má á yfirlitum verkefna í ársskýrslu og árangursmati breyttust mörg verkefni. Sumt var ekki hægt og þurfti að aflýsa en mörg verkefni var hægt að aðlaga að breyttum aðstæðum.



Jákvæðar fréttir bárust undir lok ársins 2020 með úrskurðum Skipulagsstofnunar tengt leyfismálum Háafells og í tengslum við Kalkþörungavinnslu í Ísafjarðardjúpi. Áfram þarf að berjast fyrir því að ferlar leyfisveitinga séu skýrir og tímafrestir virtir af ríkisstofnunum til að hægt sé að tryggja uppbyggingu atvinnulífs.

Stærstu áskoranir Vestfjarða á næstu árum snúa að því að tryggja að hægt verði að grípa tækifæri til framtíðar á sviði tæknibreytinga fjórðu iðnbyltingarinnar, umhverfis- og loftslagsmála og tryggja að lýðfræðilegar breytingar verði hagfelldari til framtíðar en síðustu áratugi.

Hugarfar nýsköpunar skiptir öllu máli í starfsemi Vestfjarðastofu rétt eins og annarra stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga á svæðinu. Miklu máli skiptir að skapa umgjörð til að nýsköpun geti blómstrað, tryggja markaðsaðgengi fyrir afurðir frá svæðinu og að gætt sé að menntun til að mannauður sé á svæðinu til að sinna þeim störfum sem hér skapast.

**Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir,**  
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



## Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017. Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stöðkerfis hins opinbera.

### Stjórnarfundir og ársfundur


Rafrænn Ársfundur Vestfjarðastofu 2020 var haldinn þann 27. maí.

Stjórn Vestfjarðastofu hélt 10 stjórnarfundir á árinu 2020. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni [www.vestfiridir.is](http://www.vestfiridir.is) og einnig fundargerðir ársfundar auk fundargerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

### Upplýsingamiðlun

Fréttum og upplýsingum hefur verið miðlað á vefnum [www.vestfiridir.is](http://www.vestfiridir.is) á árinu 2020. Alls voru 112 fréttir settar inn á síðuna árið 2020. Vestfjarðastofa er einnig með Facebooksíðu og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni. Í lok ársins 2020 voru komnir um 2600 fylgjendur.

## Skipurit Vestfjarðastofu



## Stjórn Vestfjarðastofu

Stjórn við árslok 2020

### Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Hafðis Gunnarsdóttir	Ísafjarðarbæ - formaður
Pórir Guðmundsson	Ísafjarðarbæ
Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Reykholahreppi
Iða Marsibil Jónsdóttir	Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvíkurkaupstað

### Frá atvinnulífi og menningu:

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir	Hótel Ísafirði
Kristján G. Jóakimsson	HG
Þorsteinn Másson	Arnarlax
Ágústa Ýr Sveinsdóttir	Þörungavinnslan Reykhólum

## Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu

Baldur Einarsson	formaður
Viktoría Rán Ólafsdóttir	
Guðrún Eggertsdóttir	

**Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði**

Arnarlax	Þorsteinn Másson
3X Technology	Karl Ásgeirsson
Háskólastetur Vestfjarða	Peter Weiss
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sædís María Jónatansdóttir
Arna ehf	Óskar Örn Hálfðánarson
Artic Sea Farm hf	Shiran Þórisson
Reykhólahreppur	Árný Huld Haraldsdóttir
Súðavíkurhreppur	Elsa G. Borgarsdóttir
Ísafjarðarbær	Þórir Guðmundsson
Strandabyggð	Ásta Þórisdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Sveitarstjóri
Bolungarvíkurkaupstaður	Katrín Pálsdóttir
ThorVerk ehf	Ágústa Ýr Sveinsdóttir
Kerecis	Ásta María Sverrisdóttir
Vesturbyggð	María Ósk Óskarsdóttir
Hótel Ísafjörður	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
Hraðfrystihúsið Gunnvör	Kristján G. Jóakimsson
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson
Marigor	Einar Sveinn Ólafsson
Íslenska kalkþörungafélagið	Halldór Halldórsson
Vesturferðir	Linda Pálsdóttir
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	Viktoría Ólafsdóttir
Byggðastofnun	Guðbjörg Óskarsdóttir
Kampi	Brynjar Ingason
Verkís	Jóhann Birkir Helgason
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir



### Starfsfólk Vestfjarðastofu

Á Vestfjarðastofu starfar öflugur hópur sérfræðinga með djúpa þekkingu á atvinnulífi, menningu, umhverfi og samfélögum svæðisins. Meginstef í allri starfsemi Vestfjarðastofu er að efla Vestfirði og gæta hagsmuna svæðisins.

Lítill starfsmannavelta er hjá Vestfjarðastofu en einn starfsmaður bættist í hópinn á árinu. Sigurður Líndal Þórisson er verkefnastjóri Sterkra Stranda og sinnir jafnframt atvinnu- og byggðaðróunarverkefnum hjá Vestfjarðastofu. Auk þess voru ráðnir tveir sumarstarfsmenn til Vestfjarðastofu sumarið 2020.

Við lok ársins 2020 voru starfsmenn 12 í 12 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðasviðs	Ísafirði
Agnes Arnardóttir - verkefnastjóri	Þingeyri
Birna Jónasdóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Díana Jóhannsdóttir - sviðsstjóri atvinnusviðs	Ísafirði
Guðrún Anna Finnbogadóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði
Lína Björg Tryggvadóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Margrét Jóhanna Birkisdóttir - bókhald	Ísafirði
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir - framkvæmdastjóri	Ísafirði
Sigurður Líndal Þórisson - verkefnastjóri	Hólmavík
Skúli Gautason - menningarfulltrúi og verkefnastjóri	Hólmavík
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði



## Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið samkvæmt nýjum samþykktum er tóku gildi 1. janúar 2020, nú er þinginu var 65. Fjórðungsþingi Vestfirðinga skipt upp í vorþing og haustþing. Vorþing var þannig haldið 27. maí og því síðan frestað til haustþings, sem síðan var haldið 9. og 10. október. Vegna heimsfaraldurs Covid 19 voru bæði þingin haldinn í fjarfundi og tókst framkvæmd ágætlega ekki síst fyrir góðan vilja þingfulltrúa og starfsmanna. Hraðar framfarir í tækni á þessu sviði gera kleift að halda fundi með þessum hætti en ekkert kemur þó í stað staðfunda.

Á vorþingi var lögð fram og afgreidd ársskýrsla 2019, ársreikningur 2019 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2020. Þingið ályktaði einnig um endurskoðun á ráðstöfun 5,3 % aflaheimilda og fjárhagsstöðu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs Covid 19. Þingið samþykkti einnig að lögð yrði tillaga fyrir haustþing um breytingu á samþykktum er varðar stofnun fastanefndar um fjárhagsmál.

Haustþing var mjög starfsamt og til að framkvæmd gegni sem best var fenginn sérstakur útsendingarstjóri og leigður útsendingarþúnaður. Í upphafi þingsins flutti formaður ávarp og síðan fluttu ávörp og svöruðu fyrirspurnum þau Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þingið samþykkti ítarlegar ályktanir um samgöngumál, orkumál atvinnulífs og samfélaga, fjárhagsstöðu sveitarfélaga og framlög Jöfnunarsjóðs, um þjóðgarða á Vestfirðum og byggðafestu auðlinda. Fjárhagsáætlun og árstíllag 2021 var síðan afgreidd og samþykkt.

Þingið var kosningaþing en kosið er í stjórn og fastanefndir á tveggja ára fresti. Í stjórn voru kosin:

### Aðalmenn

Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðarbæ

Þórir Guðmundsson, Ísafjarðarbæ

Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvík

Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppir

### Varamenn

Marzelíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ

Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ

Samúel Kristjánsson, Súðavíkurbreppi

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi

Guðfinna Lára Hallvarðsdóttir, Strandabyggð





Samþykkt var síðan tillaga kjörnefndar um að Hafdís Gunnarsdóttir, yrði kosinn formaður til eins árs og Jóhanna Ösp Einarsdóttir, tæki síðan við formennsku á 66. Fjórðungsþingi Vestfirðinga, haustþing.

Einnig var kosið í fastanefndir, samgöngu- og fjarskiptanefnd, fagråd menningar, fagråd atvinnuþróunar og nýsköpunar, úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og síðan í nýja fastanefnd, fjárhagsnefnd.

Kjör í nefndir og umfjöllun um málefni þingsins er að finna í þinggerð á heimasíðu FV með því að smella hér.

#### **Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.**

- a. Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- b. FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
- c. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- d. FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- e. FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- f. Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- g. Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Fjórðungsþing að hausti.

#### **Hlutverk Vestfjarðastofu:**

- a. Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt.
- b. Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðafjarðastofu sem verður hinn almenni samnefni fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
- c. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:



- i. Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.
- ii. Vinnu við sóknaráætlun landshlutans.
- iii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
- iv. Uppbyggingarsjóður - rekstur og umsýsla.
- v. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
- vi. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
- vii. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
- viii. Rekstur fastanefnda.

### Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við ríkið vegna Sóknaráætlunar en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli aðila eins og samþykktir þriðja Haustþings kveða á um.

Ný Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 21. október 2019 og kynnt á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 25-26 október.

Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

### Almenningsangöngur

Samningar landshlutasamtaka sveitarfélaga við Vegagerðina um framkvæmd almenningsangangna í landshlutunum runnu út í lok árs 2019 og hefur Vegagerðin tekið við umsjón

verkefnisins. Landshlutasamtökin hafa óformlega verið að veita ráðgjöf og upplýsingar til stjórnvalda og gæta hagsmuna landshlutanna í málinu. Á vegum Vegagerðar var unnið að heildarútboði fyrir landið og var ákveðið að skilja Vestfirði frá vegna lítils umfangs samninga m.t.t. fjármagns og farþegafjölda. Óskaði Vegagerðin eftir samtali við sveitarfélögin á Vestfjörðum um útfærslu samninga, þeirri vinnu var ekki lokið á árinu en góður vilji er fyrir verkefninu. Ljóst má þó vera að án aukins fjármagns þá verður lítið svigrúm til breytinga horfur eru óljósar og ekki að sjá að stjórnvöld séu að sýna vilja í verki að fylgja eftir tillögum í stefnumörkun málaflöksins.

Fjórðungssambandið ræðuryfir fjármagnisemur eftirstöðvarafrekstri almenningssamgangna fyrir ára og hefur stofnað til samtarfs við sveitarfélögin á Vestfjörðum um þróun almenningssamgangna. Á grundvelli hluta þessa fjármagns skapaðist tækifæri að sækja styrki til Byggðaáætlunar verkefni A10 **Almenningssamgöngur um land allt**. Sótt var um fimm verkefni og fékk Vestfjarðastofa samþykkt fjögur af þeim;

- **Efling þjónustu og atvinnusóknar á norðanverðum Vestfjörðum.** Styrkur til að efla almenningssamgöngur til og frá Flateyri með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa á Flateyri, en horfa jafnframt til samlegðaráhrifa fyrir nágrannabyggðarlögin Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Verkefnið er styrkt um kr. 1.000.000 árið 2020 og kr. 3.200.000 á ári 2021-2023. Samtals kr. 10.600.000.
- **Sambíllinn.** Styrkur til að greina möguleika þess að efla almenningssamgangnaakstur með því að nýta þjónustu sem þegar er í boði, s.s. skólaakstur og þjónustuakstur. Verkefnið er styrkt um kr. 3.000.000,-. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fengu styrk til sambærilegs verkefnis og hefur verið tekið upp samstarf við verkefnið Sambíllinn.
- **Pöntunarakstur.** Styrkur til að koma upp akstri til og frá Reykhólahreppi og Drangnesi og tengja samgönguneti almenningssamgangna. Verkefnið er styrkt um kr. 1.000.000 árið 2020 og kr. 2.700.000 á ári 2021-2023. Samtals kr. 9.100.000.
- **Pöntunarakstur.** Styrkur styrk til að koma á pöntunarþjónustu með aðilum sem hafa til þess bær leyfi. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa í samstarfi við fyrirtæki í sveitarfélögunum byggt upp almenningssamgöngur á milli byggðarlaga og vilja auka sveigjanleika kerfisins. Verkefnið er styrkt um kr. 200.000 árið 2020 og kr. 1.500.000 á ári, árin 2021-2023. Samtals kr. 4.700.000.



## Starfsemi Vestfjarðastofu


Starfsemi Vestfjarðastofu er skipt í 7 deildir. Starfsáætlun Vestfjarðastofu er unnin af starfsmönnum og stjórn og er birt í upphafi hvers árs. Í starfsáætlun eru áherslur hvers árs dregnar fram og þau verkefni sem unnið verður að á árinu. Deild 7 – almennings-samgöngur heldur eingöngu utan um vinnu fyrir FV sem tengist almennings-samgöngum og styrki sem sótt er um í nafni Vestfjarðastofu og renna til verkefna á sviði almennings-samgangna.

Mörg verkefni Vestfjarðastofu eru viðvarandi verkefni þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru áhersluverkefni Sóknaráætlunar oft framkvæmd af Vestfjarðastofu með samningum við Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV).

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hversrar deildar og farið yfir árangursviðmið verkefna út frá starfsáætlun ársins 2020.

Skipting launakostnaðar 2020 á deildir endurspeglar áherslur og fjármögnun verkefna.


### Skipting launakostnaðar á deildir





Atvinnu- og byggðapróun er fjármögnuð með framlagi Byggðastofnunar til Fjórðungssambands Vestfirðinga og framkvæmd af Vestfjarðastofu samkvæmt samningi við Fjórðungssambandið. Byggðastofnun óskar eftir árangursmati út frá áherslum sem skiptast með öðrum hætti en deildaskipting Vestfjarðastofu. Skipting launakostnaðar hefur því einnig verið greind út frá óskum Byggðastofnunar með viðbótum Vestfjarðastofu þar sem önnur framlög eru einnig tekið inn í skiptinguna.

#### Skipting launakostnaðar - Byggðastofnun




Sú breyting er nú gerð á framsetningu ársskýrslu að reynt er að stilla upp árangursmati fyrir hvert verkefni út frá árangursmælikvörðum sem stillt var upp í starfsáætlun ársins. Gerð er grein fyrir hlutfalli launakostnaðar deildar fyrir hvert verkefni.



## Rekstur og hagsmunagæsla

### Skipting launakostnaðar:



## Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Rekstur skrifstofu FV	Viðhald tengslanets á sveitarstjórnarstigi						Þrátt fyrir eða vegna Covid tókst að viðhalda og jafnvel bæta tengslanet á sveitarstjórnarstigi.
	Viðhald og ný þekking sótt á samstarfsvettvang sveitarfélaga						Starfsfólk sótti ráðstefnur og fundi með aðstoð tækninnar á árinu.
	Eftirfylgni málefna gagnvart þingmönnum NV kjördæmis.						Á árinu voru haldnir 4 fundir með þingmönnum NV kjördæmis og FV/Vestfjarðastofu og sveitarfélögum á Vestfjörðum auk óformlegra samskipta.
	Endurskoðun samþykktar FV verði lokið						Frestað til 66. Fjórðungspings.
Tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga	Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka						Framkvæmdastjórar landshlutasamtaka funda reglulega og framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu hefur verið tengiliður landshlutasamtaka í Stýrihópi Stjórnarráðsins um Byggðamál frá hausti 2020. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka lagðir fram til kynningar í stjórn.
	Minnisblöð frá samráðsfundum						Minnisblöð eru send út til fundamanna og fundargerðir Stýrihóps Stjórnarráðsins um Byggðamál eru lagðir fyrir stjórn til kynningar.

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjórðungsþing og ársfundir	Fundir og þing haldnir						Ársfundardagur - Fjórðungsþing að vori og Ársfundur Vestfjarðastofu 27. maí í fjarfundi vegna Covid. Fjórðungsþing að hausti haldið í fjarfundi 9.-10. október
	Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á ráðuneyti eftir efni máls						Eftir Fjórðungsþing að hausti var boðað til funda með þremur ráðuneytum og fjórum stofnunum til að koma á framfæri ályktunum haustþings FV. Upplýsingum um þá fundi var miðlað á Facebook hóp sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum.
Samskipti við Alþingi og ráðuneyti	Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir						15 umsagnir voru sendar um fjölbreytt áherslumál Vestfjarða. Allar umsagnir má finna á vef Vestfjarðastofu undir verkefninu Umsagnir.
	Bætt tengslanet þingmanna (meira en NV kjördæmis) og í ráðuneytum						Fundir með nefndum Alþingis og óformleg samskipti stjórnarmanna og starfsmanna við þingmenn eru hluti af hagsmunagæslu svæðisins. Samskipti fluttust að mestu á Teams á árinu 2020.
	Tengsl við skrifstofustjóra málaflokka innan ráðuneyta						Í janúar 2020 fóru framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Byggðamála og funduðu með skrifstofustjórum í helstu ráðuneytum til að kynna starfsemi Vestfjarðastofu og helstu baráttumál svæðisins.
	Upplýsingar inn í áætlanir á Vestfjörðum						Byggðaáætlun, Samgönguáætlun, Fjarskiptaáætlun, Kerfisáætlun Landsnets og fleiri stórar áætlanir vaktar og umsagnir sendar um mál er þau varða.



Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum	Fundir annan hvern mánuð, að mestu rafrænt						Fundir haldnir mánaðarlega rafrænt með bæjar- og sveitarstjórum á Vestfjörðum.
	Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna						Hópurinn er til staðar en nokkuð vantar á virkni og fram og til baka samskipti. Meira í formi tilkynninga frá Vestfjarðastofu.
	Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og breytingar á samþykktum FV						Vettvangur hefur ekki nýst nægilega vel.
	Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og ábendingar um starfsemi Vestfjarðastofu						Vettvangur hefur ekki nýst nægilega vel.
Samgöngu- og fjarskiptanefnd	Fundað með samgöngustofnunum						Gert bæði í janúar og nóvember og aukafundur um afmörkuð málefni.
	Umsögn um umhverfismat framkvæmda um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg						
	Umsögn um samgönguáætlun 2019-2034						Umsögn send inn í janúar 2020
	Fylgjast með vinnu vegna þjóðvegs 60						
	Niðurgreiðslu flugfargjalda verði komið á						Loftbrú var kynnt á árinu 2020.
	Umsögn til Vegagerðarinnar um skipulag almenningsgangna á Vestfjörðum						Umsóknir um þróunarverkefni í Byggðaáætlun og samskipti við Vegagerð um almenningsgangur á Vestfjörðum.
Vefur og samfélagsmiðlar VFS	Stefna í notkun vefs og samfélagsmiðla birt						Drög að stefnu birt innanhúss
	Verklag innleitt						Verklag í vinnslu
	Uppfærslur á vef						Að meðaltali um 10 fréttir á vef á mánuði auk viðbóta við síður verkefna og annarra aðgerða. Um 2600 fylgjendur á facebook síðu Vestfjarðastofu og sérstakir hópar virkir á mörgum vettvöngum.
	Workplace notað						Workplace notað frameftir ári en ákveðið síðari hluta árs að Teams og facebook hópar væru nægilegt og því hætt að nota Workplace.

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Verkefnastjórn, Sharpoint og Teams	Námskeið í notkun Teams verði haldið						Námskeið í notkun Teams var haldið vorið 2020.
	Gert verði mat við lok árs 2020 á notkun Teams						Ekki gert.
Grænu skrefin	Við lok árs 2020 skal grænum skrefum 2 og 3 (af 4) vera lokið á öllum starfsstöðvum.						Ekki gert.
Starfsmannamál Vestfjarðastofu	Mannauðsstefna sem inniheldur m.a. jafnlaunastefnu						Verkefni hafið en ekki lokið á árinu.
	Starfsmannahandbók fullgerð						Verkefni hafið en ekki lokið á árinu.
	Kynniss- og árshátiðarferð farin						Ekki gert vegna Covid.
	Vikulegir starfsmannafundir haldnir						Daglegir fundir starfsfólks og vikulegir fundir á mánudögum.
	Tveir funda- og fræðsludagar starfsfólks haldnir						Tveggja daga fræðsludagar í febrúar og Teams námskeið.

Nokkur breyting varð á árinu 2020 á formi funda og skipulagningu hagsmunagæslu. Segja má að nánast allir fundir við þingmenn og stofnanir hafi færst á rafrænt form á árinu. Undantekning á þessu eru þó að í janúar fór framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðapróunar á fundi í fjórum ráðuneytum, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og mennta og menningarmálaráðuneyti. Markmið fundanna var að kynna Vestfjarðastofu, Sóknaráætlun svæðisins og helstu hagsmunamál fyrir skrifstofustjórum og viðeigandi embættismönnum í ráðuneytum. Að auki var fundað með Náttúrufræðistofnun.

Í starfsmannahóp Vestfjarðastofu bættist á árinu Sigurður Línal Þórisson sem er verkefnastjóri Sterkra Stranda en kemur einnig sterkur inn í bæði atvinnu- og byggðapróunarverkefni hjá Vestfjarðastofu.

Innleiðing Teams hefur gengið nokkuð vel og eru nánast öll verkefni nú með sérstök svæði á Teams. Samskipti við aðila utan Vestfjarðastofu svo sem sveitarfélög og fyrirtæki hafa einnig stað á Teams. Stefnt er að enn frekari hagnýtingu Teams á Vestfjarðastofu með uppsetning á viðskiptamannakerfi og fleiri þáttum á næstu mánuðum og árum.

Vikulegir fundir starfsmanna eru gagnlegir. Þeir eru haldnir í fjarfundi á mánudagsmorgnum og bera yfirskriftina „Vikubyrjun“. Þar fara starfsmenn yfir verkefni framundan og það sem gert var í vikunni á undan. Haldið er utan um þessa fundi í Trello. Auk vikulegra funda voru teknir upp daglegir stuttir „hittingar“ starfsmanna á Teams, dagsbyrjun, þar sem nokkuð mikið var um að starfsfólk ynni heima í Covid. Þeir eru hugsaðir sem örstutt „kaffisþjall“ en auka tengsl starfsmanna sem eru dreifðir um alla Vestfirði og ýta undir samstarf og teymisvinnu. Þessum fundum hefur verið haldið áfram – eru ekki skylda en ef starfsfólk á þess kost að mæta á þessa „hittinga“ er hvatt til þess.

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðamála funda oftast vikulega með formanni stjórnar til að fara yfir helstu mál.

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi en áherslan hefur verið að sviðsstjóri beri meginþunga þess samstarfs sem lýtur að sveitarstjórnarstigi en framkvæmdastjóri hefur átt þau samskipti sem lúta að atvinnuþróun ásamt sviðstjóra atvinnumála.

Stjórnarfundir eru almennt mánaðarlega og hafa nær allir stjórnarfundir 2020 farið fram fjarfundi.



## Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

### Fundir með nefndum Alþingis:

- 05.02.2020 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
- 04.11.2020 Fundur með fjárlaganefnd. Frumvarp til fjárlaga 2021

### Fundir með ráðuneytum og ráðherrum:

- 09.01.2020 Landshlutasamtök og átakshópur ríkisstjórnar vegna óveðurs – fundur I
- 15.01.2020 Landshlutasamtök og átakshópur ríkisstjórnar vegna óveðurs – fundur II
- 21.01.2020 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti – kynning fyrir skrifstofustjórum
- 22.01.2020 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti – kynning fyrir skrifstofustjórum
- 22.01.2020 Mennta- og menningarmálaráðuneyti – kynning fyrir skrifstofustjórum
- 23.01.2020 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti – kynning fyrir skrifstofustjórum
- 03.04.2020 Leiðir til viðspyrnu og sóknarfæra – Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
- 18.11.2020 Ályktanir 65. Fjórðungspings – Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
- 20.11.2020 Ályktanir 65. Fjórðungspings – Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
- 02.12.2020 Ályktanir 65. Fjórðungspings – Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála, nýsköpunar og iðnaðarráðherra

### Fundir með þingmönnum:

- 08.01.2020 Þingmannafundur vegna samgöngumála
- 27.04.2020 Þingmenn NV og Vestfjarðastofa
- 09.09.2020 Þingmenn NV, Vestfjarðastofa og bæjar- og sveitarstjórar á Vestfjörðum
- 30.10.2020 Þingmannafundur í kjördæmavíku

## Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með opnun Samráðsgáttar stjórnvalda á árinu 2018 gafst aukið færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á

Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

### Umsagnir til Alþingis

- Umsögn um þingsályktun um samgönguáætlun 2020-2034 (mál 435/150) og samgönguáætlun 2020-2024 (mál 434/150)
- Umsögn um þingsályktun um gerð Álfafjarðargangna (mál 199/150)
- Umsögn um þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um Reykjavíkurlugvöll (mál 311/150)
- Umsögn um þingsályktun um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak (mál 699/150)
- Umsögn um frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. (mál 725/150)
- Umsögn frumvarp til breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (mál 712/150) Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2020
- Umsögn frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara), (mál 734/150)
- Umsögn frumvarp til laga um ferðagjöf (mál 839/150)
- Umsögn frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir (mál 707/150)
- Umsögn, frumvarp til fjárlaga 2021 (mál 1/151)
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um nýtingu þörunga (mál 49/151)
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (mál 43/151)
- Umsögn um tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar (mál 39/151)

### Umsagnir í Samráðsgátt

- Frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (mál 65/2020)
- Drög að reglugerð um útboð eldissvæða (313/2019)
- Áform um frumvarp til laga um samhæfingu stefna og áætlana á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarmála (mál 152/2020)
- Drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun (202/2020)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni) (172/2020)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskeldi (útboð lífmassa) (mál 171/2020)

### Alþjóðleg samskipti

Landshlutasamtök sveitarfélaga skipta með sér setu í sveitarstjórnarvettvangi EFTA. Á fundum vettvangsins, sem haldnir eru tvisvar á ári, er fjallað málefni EES samningsins er varða sveitarstjórnarstigið.

**Vefur og samfélagsmiðlar**

Upplýsingamiðlun Vestfjarðastofu fer að verulegu leiti fram á vef og samfélagsmiðlum. Helstu viðburðir og fréttir eru birtar á vef Vestfjarðastofu og þeim fréttum miðlað á facebook síðu Vestfjarðastofu sem í lok árs 2020 var með rúmlega 2600 fylgjendur. Auk aðalsíðu undir nafni Vestfjarðastofu heldur starfsfólk úti fjölmörgum hópum tengdum verkefnum og á þannig í markvissum samskiptum vegna t.d. umhverfisvottunar, ferðapjónustuverkefnum, matvælaframleiðendum og sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum.



## Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi falið Vestfjarðastofu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Það gekk vel að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins árið 2020 þrátt fyrir heimsfaraldur. Hins vegar er ljóst að til þess að sinna verkefninu eins umfangsmikið og Sóknaráætlun er þá er þörf fyrir meira fjármagn, en fjárhagsrammi Sóknaráætlunar hefur ekki stækkað í samræmi við verðlagsþróun síðustu ára og hefur því í raun rýrnað að verðgildi. Markmið Sóknaráætlunar er að styrkja landsbyggðirnar og ef það markmið á að nást þá er áriðandi að halda styrk Sóknaráætlunar með nægilegu fjármagni.


Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki. Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

## Skipting launakostnaðar 2020

Inni í launakostnaði vegna umsókna og úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði er kostnaður vegna úthlutunarnefnda og fagráða. Úthlutun vegna ársins 2020 var unnin bæði í desember 2019 og lauk ekki fyrr en í janúar 2020 þannig að hluti launakostnaðar vegna þeirrar úthlutunar fellur á árið 2020 og allur kostnaður vegna úthlutunar ársins 2021.



## Árangursmat Sóknaráætlunar 2020

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Sóknaráætlun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Kynning á Sóknaráætlun	Fjöldi færsla á vefi og samfélagsmiðla					5	Að meðaltali ein færsla tengd Sóknaráætlun á mánuði
	Virkni upplýsingasiðu fyrir áhersluverkefni				4		Síður uppfærðar með nýjum upplýsingum síðari hluta árs.
Áhersluverkefni Sóknaráætlunar	Fjöldi og gæði tillagna um áhersluverkefni				4		11 tiillögur en 3 féllu ekki að Sóknaráætlun
	Fjöldi áhersluverkefna					5	5 Áhersluverkefni
	Áhrif verkefna á markmið Sóknaráætlunar					5	Verkefnin falla vel að áherslum SÁ og hafa viðtæk áhrif á Vestfjörðum
	Samskipti við framkvæmdaaðila				4		Ágæt samskipti við framkvæmdaaðila og nokkru meiri vinna en áformað var vegna aukafjárveitingar.
	Verkefnum lokið					5	Öll verkefnin hafa lokið sínum áföngum fyrir árið 2020 <a href="https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/aherslusjodur/ahersluverkefni-2020">https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/aherslusjodur/ahersluverkefni-2020</a>

Sóknaráætlun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar	Virgni fulltrúa á samskiptavettvangnum Betra Ísland						Virgni fulltrúa á samskiptavettvangnum Betra Ísland mætti vera meiri
	Mæting á fundi samráðsvettvangs						
Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði	Fjöldi umsókna						Fjöldi umsókna árið 2020 var 129 og hlutu 65 af þeim styrki og var árangurshlutfall þeirra sem sóttu um því 50.4%. Hlutfall á milli kvenna og karla er mjög jafnt en áhugavert er að sjá að konur sóttu um hærri upphæðir en karlar þetta árið
	Fjöldi veittra styrkja						65 og heildarupphæð styrkvilyrða 60.600.000 kr.
Samskipti og greiðslur úr Uppbyggingarsjóði	Niðurstöður árlegrar könnunar						Könnun ekki gerð 2020.
	Fjöldi lokinna verkefna						Meginhluta verkefna lokið en nokkuð um frestun verkefna vegna Covid.
Kynning á Uppbyggingarsjóði	A.m.k 4 kynningarfundir á ári varðandi Uppbyggingarsjóð						Rafrænir upplýsingafundir um Uppbyggingarsjóð haustið 2020 en nokkrir staðfundir mögulegir.
	Opið námskeið um gerð styrkumsókna						Námskeið rafrænt 2020
	1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða						
Nýjir starfshættir við úthlutun	Skilgreining árangursmælikvarða						Nýtt matsblað unnið og tekið í notkun
	Fagræð skipuð						Fagræð voru skipuð

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði í janúar 2020. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útgreiðsla styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga. Rafræn umsóknargátt landhlutana soknaraetlun.is hefur skilað betri og vandaðri umsóknum og þeim umsóknum sem hafa ekki hlotið brautargengi vegna formgalla hefur fækkað verulega. Hins vegar er þörf á að vinna meira í henni og má segja að hún sé aðeins hálfkláruð og er áriðandi að finna fjármagn til að ljúka gerð gáttarinnar. Aðeins er hægt að vinna umsóknir í gáttinni en ekki er hægt að merkja hvert verkefnið er komið eða hvort því er lokið. Það myndi klárlega minnka vinnu starfsmanna Uppbyggingarsjóðs um allt land, auðvelda úrvinnslu gagna, einfalda utnumhald og skipulag fyrir umsækjendur og auka hagræði í stjórnslunni.

### Fyrirmyndarverkefni Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2020

**Kalksalt** – Nýsköpunarfyrirtæki sem nýtir umframsalt frá fiskvinnslum og er eina íslenska fyrirtækið sem framleiðir bætiefnafötur fyrir búfenað. Vöruhönnun á steypumótum fyrir kalksaltsteina, hönnun útlits á nýjar og eldri vörur Kalksalts og markaðssetning á hvoru tveggja.



**Aldrei fór ég suður** – Ísfirsk tónlistarhátíð fyrir alla fjölskylduna, þar sem fremsta tónlistarfólk landsins kemur fram í bland við heimafólk. Hátíðin var haldin rafrænt strax í upphafi heimsfaraldurs og er hægt að segja að forsvarsmenn hátíðarinnar hafi í raun verið frumkvöðlar í því að halda tónlistarveislu rafrænt á Íslandi en hún var haldin 10. og 11. apríl 2020.

**Sýslið -verkstöð** – Sýslið verkstöð er klæðskerasaumuð lausn sem býður upp á fjölþætta þjónustu sem hefur skort á svæðinu. Sýslið verkstöð er rekið sem einkahlutafélag Ástu Þórisdóttur og Svans Kristjánssonar. Verkefnið getur haft jákvæð áhrif á skapandi starf á svæðinu með fjölbreytilegri og vel útbúinni aðstöðu og rými fyrir hönnuði og listafólk sem munu auðga starfsemina og menningarlíf á svæðinu með sýningum og viðburðum. Sýslið verkstöð sér einnig um vefinn strandir.is.

**Skjaldborg- hátíð íslenskra heimildamynda** – Skjaldborg hefur verið haldin síðan árið 2007. Skjaldborg frumsýnir íslenskar heimildamyndir, skoðar heimildamyndagerð á heimsvísu og skapar umræðu og þróunarvettvang fyrir verkefni, leikstjóra og áhugafólk á Íslandi. Hátíðin er eini sérhæfði vettvangurinn fyrir íslenskar heimildamyndir hér á landi og má segja að Skjaldborgarbíó á Patreksfirði sé orðið heimili íslenskra heimildamynda enda hjálpar umhverfið og fólk á staðnum við að skapa aðstæður sem mynda einstaka stemningu. Vegna aðstæðna var hátíðin haldin í Bíó Paradís í 18-20 september 2020.

#### **Áhersluverkefnið 2020 voru fimm með fjármögnun upp á 31 mkr.**

Verkefnunum eru gerð skil á vefsíðu Vestfjarðastofu og í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða – tengill hér fyrir neðan og einnig á vef Vestfjarðastofu.

#### **Aukaframlag vegna Covid**

Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid 19 samþykkti Alþingi 200 milljóna króna aukafjárveitingu til Sóknaráætlana landshlutanna þann 30. mars 2020. Í hlut Vestfjarða komu 25,2 milljónir. Skilyrt var að fjármunum skyldi varið í verkefni sem væru atvinnuskapandi og/eða stuðluðu að nýsköpun. Hver landshluti legði áherslu á þær atvinnugreinar sem orðið hafa fyrir mestum neikvæðum afleiðingum vegna Covid-19 faraldursins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ákvað auk þess að endurskilgreina nokkur verkefni sem ekki höfðu komist í framkvæmd á síðustu árum og nýta fjármagn þeirra verkefna sem mótframlag. Á fundi stjórnar þann 21. apríl 2020 var ákveðið að veita 19,8 mkr sem mótframlag og ákvæði þess efnis sett í viðaukasamning við samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti, nam því heildarfjármagn 45 mkr.

Nánara yfirlit verkefna er í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2020 má finna með að smella hér.




## Atvinnuþróun

Fjölbreytt verkefni tengd atvinnuþróun svæðisins voru í gangi hjá Vestfjarðastofu árið 2020. Fjármögnun þessa hluta starfseminnar er frá Byggðastofnun til stuðnings atvinnuþróun, mótframlag sveitarfélaga og styrkir og samstarfsverkefni með fyrirtækjum og sveitarfélögum eða sem sóttir hafa verið m.a. í Byggðaáætlun.

Verulegur hluti atvinnuþróunar tengist fjölbreyttri ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla á öllum sviðum. Miklu skiptir að slík ráðgjöf sé í boði í nærumhverfi fólks um allt land.

Málefni nýsköpunar voru nokkuð fyrirferðarmikil á árinu 2020, þar kom bæði til breytt staða og hagsmunagæsla vegna niðurlagningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og einnig aukið fé til úthlutunar. Það kann að virðast nokkur mótsögn í því að á því herrans ári 2020 sé töluvert áhugi í nýsköpun á Vestfjörðum og margir sprotar að líta dagsins ljós. Áhugavert er að sjá hve mikill áhugi er á vinnslu úr laxaafurðum og afurðum úr þara og þörungum. Mikilvægt er að hægt sé að fylgja eftir og ýta undir þá þróunarsprotu.

### Skipting launakostnaðar:



## Árangursmat deildar

1= verkbáttur ekki unninn

2= verkbáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkbáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkbáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkbáttur/verkefni vannst að fullu

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir	
Samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum	Fundað verði a.m.k. 2 sinnum með með hverju félagi atvinnurekenda á Vestfjörðum					5		
	Sameiginlegur árlegur fundur samtaka atvinnurekenda á Vestfjörðum			3			Nokkrir sameiginlegir fundirnir haldnir og farið yfir sértæk málefni	
	Fyrirtækjaheimsóknir í 40-50 fyrirtæki á svæðinu				4		Náðist ekki vegna Covid en samtöl voru við mikinn fjölda fyrirtækja á Teams	
	Minnst 4 opnir fundir á hverju svæði á ári					5	Markmið um opna fundi náðis en hér eru taldir opnir fundir á Teams	
	Málefnaþingir virkjaðir				4		Faghópur ferðaþjónustu virkjaður, menningarráð virkjað, unnið með Sjávarútvegsklasa, mikið samtal við fiskeldisfyrirtæki um ýmis mál, vinna með matvælaframleiðendum	
	Gallup könnun frá des 2019 um viðhorf til Vestfjarða endurtekin í lok kynningarherferðar „Fyrirtæki á Vestfjörðum til samanburðar“	1						Ekki gert og frestað til næsta árs vegna Covid
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar	Yfirlit yfir Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum á vef Vestfjarðastofu.		2				Í vinnslu í lok ársins með forsvarsmönnum Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva	
	Umsókn inn í C1 - Byggðaáætlun					5	Umsókn fór en var synjað	
	Mat á nýtingu, áhrifum og árangri af nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvum á Vestfjörðum					5	Skýrsla birt á vef í maí 2020.	
	Að minnsta kosti eitt sameiginlegt verkefni miðstöðvanna á ári.					5	Miðstöðvarnar vinna saman að nokkrum verkefnum og hafa hist nokkuð reglulega á Teams	
	Ein sameiginleg styrkumsókn í erlenda sjóði.	1						Ekki vitað um sameiginlega umsókn.

Atvinnuþróun og nýsköpun		Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Vestfirðingar - almannatengsl	Niðurstöður spurninga úr spurningavagni Gallup							Niðurstöður birtar á vef í janúar 2020.
	Birtingar á sögum fyrirtækja undir yfirskriftinni „Vestfirðingar“ á vef Vestfjarðastofu og fleiri miðlum							Samið við N4 um þáttagerð. Alls 30 innskot í Að vestan og 5 þættir um atvinnulíf á Vestfjörðum.
	Sendar fréttatilkynningar							Nokkur fjöldi fréttatilkynninga um málefni Vestfjarða
	Fjöldi fyrirtækja sem tekur þátt í verkefninu							Rætt við ríflega 40 fyrirtæki og sögur þeirra birtar á vef
Framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum	Samstarfsfundir með fyrirtækjum og verkefnishópur myndaður							
	Fundir með sveitarfélögum							Framkvæmt 2021
	Fundir með fulltrúum fiskeldisfyrirtækja.							
	Verkefnismarkmiðum lokið skv. verkáætlun							Lýkur 2021
Atvinnuþróun í samstarfi við sveitarfélög	Fjöldi funda með sveitarstjórnnum							Fundað reglulega með sveitarfélögum sem þess óska.
	Fjöldi samstarfsverkefni með sveitarfélögum							Verkefni í þróun í samstarfi við fjögur sveitarfélög.
Innviðagreining Vestfjarða	Verkefnisteymi Vestfjarðastofu fundar 2x í mánuði							Óformlegt verkefnisteymi hefur fundað og unnið að mótun verkefnis.
	Stýrihópur verkefnisins fundar 1x í mánuði							Ekki unnið
	Afurð úr hakkaþoni (Reboot Hack)							Ekki unnið
	Innviðagreining birt vor 2020							Ekki unnið
	Kynning á innviðagreiningu vor 2020							Ekki unnið
Fjárfestingatækifæri á Vestfjörðum	Valdir verði 3-5 fjárfestingakostir til frekari úrvinnslu og kynningar							Ekki er tímabært að velja fjárfestingakosti
	Verkefni mótað til þriggja ára							Nokkur vinna lögð í mótun verkefnis og heldur sú vinna áfram árið 2021

Atvinnuþróun og nýsköpun		Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Betri og fleiri umsóknir frá Vestfjörðum	Haldnir 2-4 kynningarfundir							
	Námskeið um gerð styrkumsókna							Námskeið haldin á flestum starfstöðum
	1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða							
	5-6 verkefni fái brautargengi í öðrum sjóðum en Uppbyggingasjóði							Góður árangur náðist t.d. úr Matvælasjóð
Hagnýting tækni í þágu staðbundinna fyrirtækja	Greining á stafrænum þörfum og stöðu fyrirtækja							Verkefni sameinað ferðapjónustuverkefni á sama sviði
	Stafrænt forskot á suðursvæði Vestfjarða							Ekki náðist í hóp
	Að minnsta kosti eitt samstarfsverkefni fyrirtækja í verslun og þjónustu og eitt í framleiðslugreinum sem lýtur að eflingu stafrænnar stöðu og/eða vöruþróun.							Verkefni á sviði matvælaframleiðslu
Westfjords Food	Sameiginlegt merki vestfirskra matvælaframleiðenda							Var skoðað en tekin ákvörðun um að vinna þetta ekki lengra að svo stöddu
	Aukin vitund um matvæli frá Vestfjörðum							Breyttist vegna covid en verkefni unnið með matvælaframleiðendum, teknar ljósmyndir, skrifaðar sögur og farið yfir markaðssetningu á samfélagsmiðlum, könnun á matarhefðum
	Kynning á höfuðborgarsvæðinu á Vestfirskri matvælaframleiðslu							Frestað vegna Covid, farið í önnur verkefni í staðinn s.s. ráðstefnu, fjöruferðir, markaðsetningu á samfélagsmiðlum
	Vinna við nýsköpunarsetur á sviði matvælaframleiðslu í Bolungarvík							Mikil vinna farið fram en að litlu leiti á vegum Vestfjarðstofu
Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla	Fjöldi heimsókna og viðtala							Jafnt og þétt yfir allt árið - einnig rafrænt. Ráðgjöf tengist mjög ýmis konar styrkumsóknum en einnig nokkuð lánum og gerð viðskiptaáætla.
Nýsköpunargreiningar fyrirtækja	Greiningum verði lokið 10 fyrirtækjum á árinu 2020							Ekki unnið

Atvinnuþróun og nýsköpun		Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Dari og þörungar	Samstarfsfundir með fyrirtækjum og verkefnishópur myndaður.							
	Skipuleggja fræðsluferð til Danmerkur um nýtingu þörunga.							
	Koma á samstarfsvettvangi – Evrópuumsókn 2020-2021							
	Stöðuskýrsla vegna nýtingar þara- og þörunga á Vestfjörðum 2020							Frestað til 2021
Nýsköpunarkeppni Sjávarklasa Vestfjarða	Áætlun um framkvæmd verkefnisins tilbúin í lok janúar 2020							
	Sjávarútvegsklasinn styrkir 2 verkefni mastersnema 2020							Styrkti 5 verkefni mastersnema
	Nýsköpunarkeppni auglýst í janúar, mat umsókna lokið í febrúar, 2. verkefni valin til áframhaldandi þróunar							
	Áætluð lok verkefnis vor 2021							
Námskeið fyrir frumkvöðla	3 örnámskeið á hverjum stað með 3-5 þátttakendum í hvert sinn							Farið af stað með verkefnið Ratsjá í lok árs 2020 fram á árið 2021
	Námskeið haldið fyrir fyrirtæki sem fá stuðning úr Uppbyggingarsjóði							Verkefni færðist yfir á árið 2021
	Virkur Facebook hópur "Frumkvöðlar á Vestfjörðum"							Ekki hafð
Sjávarútvegs- og fiskeldisklasar	Tvö eða fleiri samstarfsverkefni við hvorn klasa sett af stað á árinu 2020							Grunnur lagður en verður framkvæmt 2021.
	Greining fjárfestingatækifæra á sviði sjávarútvegs og fiskeldis verði unnin á árinu							Mun ljúka 2021
Fyrirtækjakönnun	Niðurstöður fyrirtækjakönnunar kynntar á fundum							
	Myndband með helstu niðurstöðum unnið							
	Niðurstöður birtar á vef Vestfjarðastofu ásamt myndbandi							



Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024 sem unnin var árið 2019 og birt í október það ár er mikil áhersla lögð á nýsköpun og einkum er þar beint sjónum að því að skapa vettvang fyrir nýsköpun með því að ýta undir starfsemi **nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva** í sem flestum byggðakjörnum á Vestfjörðum. Í lok ársins 2018 fékk FV/Vestfjarðastofa styrk úr verkefni C1 á Byggðaaætlun til verkefnis sem bar yfirskriftina „Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum“. Í því verkefni átti að gera greiningu á þörf fyrir slíkar miðstöðvar á Vestfjörðum og hvar slík starfsemi væri þegar til staðar auk þess sem gert var ráð fyrir að renna styrkari stoðum undir starfandi miðstöðvar. Úttektina má finna á vef Vestfjarðastofu og má lesa hana með að smella hér.

Í áhersluverkefnum ársins 2020 voru því settar 7 milljónir til að styðja við starfandi miðstöðvar. Þær 7 milljónir og 5 milljónir af úthlutun sem Fjórðungssamband Vestfirðinga/Vestfjarðastofa fengu úr Byggðaaætlun árið 2018 voru sett saman í úthlutun til fjögurra starfandi miðstöðva sem alls fengu 3 milljónir hver. Þessar miðstöðvar eru:

- Djúpið í Bolungarvík
- Blábankinn á Þingeyri
- Skrímslasetrið á Bíldudal
- Skor á Patreksfirði

Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar skapa vettvang fyrir áhugaverða og skemmtilega viðburði og meðal þeirra eru Startup Westfjords og MakeAthon.

Blábankinn á Þingeyri bauð í þriðja sinn til viðburðar sem hefur yfirskriftina **Startup Westfjords**. Startup Westfjords er nýsköpunar „hemill“ hjá Blábankanum fyrir frumkvöðla og skapara sem þora að fara í aðra átt. „Hemillinn“ var fyrir sprotafyrirtæki, teymi og einstaklinga með nýsköpunarverkefni á öllum stigum, hýst á Þingeyri. Verkefnið var stutt af öflugum fyrirtækjum eins og Kerecis, Arctic Fish, KPMG og 66°North auk stuðnings úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða og sjóði Allra vatna til Dýrafjarðar. Auk þess leggur Vestfjarðastofa verkefninu lið.

Matís í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða, Djúpið – Frumkvöðlaskjól, Arctic Fish og Vestfjarðastofu hélt viðburð sem kallaður er **MakeAthon** og ætlaður er nemendum Háskólaseturs Vestfjarða og miðar að því að búa til afurðir úr ónýttu sjávarfangi. Um var að ræða nýsköpunarkeppni sem leggur áherslu á að búa eitthvað til með höndunum til að mæta ákveðinni áskorun eða vandamáli. Þátttakendur með fjölbreyttan bakgrunn komu saman til að finna lausnir við eftirfarandi áskorun: *Hvernig getum við aukið verðmæti á afgangsráefni úr sjávarútvegi til að gera vinnsluna sjálfbærari?*

Viðburðurinn var í anda svokallaðra hakaþona en unnið er með hráefni og tilraunir gerðar í eldhúsi með aðstoð sérfræðinga. Niðurstöður voru kynntar dómnefnd sem valdi besta verkefnið. Hópurinn sem stóð að verkefninu sótti um og fékk styrk úr Matvælasjóði og fékk aðstoð við umsóknargerðina frá Vestfjarðastofu.

### Hafsjór af hugmyndum

Nýsköpunarkeppnin Hafsjór af hugmyndum var sett af stað undir lok ársins 2019 að frumkvæði Sjávarútvegsklasa Vestfjarða sem fékk árið 2016 styrk frá Uppbyggingarsjóði til að efla nýsköpunarvinnu á Vestfjörðum. Hlé kom á starfsemi Sjávarútvegsklasans en á árinu 2019 var aftur hafist handa og lagði Vestfjarðastofa Sjávarútvegsklasanum til vinnuframlag til að koma verkefninu af stað. Annars vegar var um að ræða nýsköpunarstyrki en hins vegar styrki til háskólaverkefna. Hlutu fimm verkefni stuðning í hvoru verkefni og má finna lista yfir verkefni með því að smella hér.

Þau fimm verkefni sem hlutu stuðning í nýsköpunarhluta verkefnisins fengu hvert um sig eina milljón króna til að halda áfram þróun verkefnanna og keppa þá um fimm milljóna verðlaun sem veitt verða vorið 2021. Verkefnið verða unnin í nánú samstarfi við fyrirtækin í Sjávarútvegsklasanum sem leggja meðal annars til aðstoðu, hráefni og þekkingu til að verkefni geti vaxið og dafnað.

### Westfjords Food

Matvælaframleiðsla er ein meginstoð hins vestfirska hagkerfis ef horft er til stóru útflutningsgreinanna sjávarútvegs og laxeldis. Fjölmarga minni sprota matvælaframleiðenda má finna á svæðinu og á svæðinu eru fjölmörg tækifæri til enn meiri framleiðslu.

Matur og matarupplifun verður sífellt mikilvægari þáttur í upplifun ferðamanna á Íslandi og byggir verkefnið m.a. á þessum vaxandi áhuga fólks á því að vita um uppruna matvæla og að kynnast staðbundnum mat og matarvenjum. Markmiðið er að nýta matarauð Vestfjarða sem sóknarfæri, draga fram sérkenni og sérstöðu vestfirskra matvæla og hefðar og byggja upp sterka gæðaímynd um mat á Vestfjörðum.

Í þessu verkefni sem öðrum setti Covid strík í reikninginn, olli seinkunum og því að endurskipuleggja þurfti ýmsa verkþætti. Til stóð að setja upp vinnustofur víðsvegar um Vestfirði með það að markmiði að greina sérstöðu vestfirskrar matarmenningar og hefðar og hvetja til vöruþróunar. Hitt stóra verkefnið var undirbúningur sýningar sem til stóð að halda á Grand Hotel Reykjavík í október. Vinnustofurnar duttu upp fyrir vegna Covid og var því var unnin könnun þar sem spurt var um vestfirsku matarhefð, sérstöðu og hvernig fólk sér vestfirsku matarmenningu í dag. Könnunin var keyrð sumarið 2020 og var send út á íslensku, pólsku, tælensku og ensku.

Sett var upp verkefni með það að markmiði að bæta markaðsstöðu og auka sýnileika vestfirskra matvæla. Matvælaframleiðendum gafst kostur á að sækja um þátttöku í verkefninu, fá til sín ljósmyndara til þess að mynda vöruna, þátttakendur fengu aðstoð við að segja sögu framleiðslunnar og handleiðslu í stafrænni markaðssetningu.

Eitt af því sem þó var hægt að gera var að hittast utandyra. Við skipulögðum fjöruferðir þar sem fólki gafst kostur á að fara í fjörumó með þeim Eydísi Mary og Hinrik Ellertssyni, höfunda bókarinnar, Íslenskir Matþörungar, sem kom út fyrr á árinu. Ferðirnar voru farnar á Hólmavík, Ísafirði og í Vatnsfirði. Ferðirnar voru vel sóttar og ljóst að áhugi á nýtingu á þangi og þara er mikill.

Vefráðstefnan **Umhverfis Vestfirði**, var sett upp til þar sem ekki var hægt að setja upp sýningu. Áhersla var lögð á tækifæri í matvælaframleiðslu og mikilvægi þess að skapa sér sérstöðu. Við fengum til okkar reynda fyrirlesara sem fjölluðum um viðfangsefnið út frá sinni sérþekkingu. Gréta María Grétarsdóttir, formaður Matvælasjóðs, fjallaði um hlutverk sjóðsins ásamt nýsköpun og þróun. Hinrik Carl Ellertsson, matreiðslumeistari ræddi mikilvægi þess að skapa sér sérstöðu og að lokum fengum við til okkar Brynhildi Pálsdóttur, hönnuð, sem hélt erindið „Heildarmyndin, mikilvægi sterkrar ímyndar sem nær lengra en logo og límmiðar. Ráðstefnan gekk vel og varð kveikja að frekara samstarfi.






## Byggðapróun

Umfangsmestu byggðapróunarverkefni Vestfjarðastofa tengjast verkefnum Brothættra byggða. Byggðapróunardeild skarast mjög við bæði atvinnuþróun og hagsmunagæslu sem vistuð er innan deildarinnar „rekstur skrifstofu“.

### Skipting launakostnaðar:



## Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs


3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Bygðapróun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samgönguáætlun Vestfjarða	Samgönguáætlun Vestfjarða verði lögð fyrir Fjórðungsping að vori						Unnið að gerð jarðgangnaáætlunar, gerð öryggisúttektar og kynningu frestað til Fjórðungspings að hausti 2021
Vestfirðir 2035 - Kynning á sviðsmyndum	Mæting á kynningarfundum						Sviðsmyndir voru kynntar forsvarsmönnum sveitarfélaga
	Þátttaka sveitarfélaga						Ekki til upplýsingar, sviðsmyndir notaðar í vinnu Vestfjarðastofu og FV t.d. við gerð raforkuspár
	Notkun sveitarfélaga á sviðsmyndum						
Orkutengd verkefni	Fundur ráðgjafahóps Landsnets um uppbyggingu tengipunkts og flutningskerfis						Einn fundur haldinn í lok júní. Óvissa með virkjanamál og Covid frestaði öðrum fundum
	Umsagnir um Kerfisáætlun Landsnets						Ítarlega umsögn send inn í lok júlí 2020
	Kynning á niðurstöðu Orkuspár fyrir Vestfirði gagnvart opinberum aðilum						Niðurstöður orkuspár kynntar á vef, fyrir þingmönnum og stofnunum.
	Málþing um innviðamál í mars 2020						Frestað vegna Covid
	Samstarfssamningur við Íslandsstofu og orkufyrirtæki						Verkefni breytt og varð að samstarfsverkefninu Bláma, samstarf við Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða

Byggðapróun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum	Tillögur um samstarf sveitarfélaga komi til umræðu						Málið rætt, frumkvæðið er í höndum sveitarfélaga og hefur hluti þeirra farið í greiningarvinnu
	Tillaga um Svæðisskipulag Vestfjarða tekin upp að nýju og afgreidd						Verkefnið rætt en ekki áhugi í bili, en vinna með Innviðaaætlun mun nýtast ef verkefnið verður sett af stað að nýju
	Verkefnið tengist öðrum verkefnum Vestfjarðastofu s.s. Vestfirðir 2035, innviðagreiningu, orkutengdum verkefnum, áfangastaðaáætlun, Samgönguáætlun Vestfjarða o.fl.)						Sveitarfélög tengjast fjölmörgum öðrum verkefnum Vestfjarðastofu og hafa með einum eða öðrum hætti fjallað um öll verkefni sem þarna eru nefnd og fleiri til.
Brothættar byggðir í Árneshreppi - Áfram Árneshreppur	Framvinduskýrslur verkefna						
	Íbúafundnir haldnir						
	Úthlutun og umsýsla styrkja						
Brothættar byggðir í Dýrafirði - Öll vötn til Dýrafjarðar	Framvinduskýrslur verkefna						
	Íbúafundnir haldnir						Náðist ekki vegna samkomutakmarkana
	Úthlutun og umsýsla styrkja						
Brothættar byggðir á Ströndum - Sterkar Strandir	Framvinduskýrslur verkefna						Verkefni hófst um mitt ár þannig að fáar framvinduskýrslur eru komnar inn en ásættanlegur fjöldi
	Íbúafundnir haldnir						Íbúafundur haldinn í júní
	Úthlutun og umsýsla styrkja						Verkefnastjóri hóf strax undirbúning að úthlutun styrkja.
Byggðaáætlun	Umsóknir fari frá Vestfjörðum í hverja þá aðgerð Byggðaáætlun auglýsir á árinu 2020						Umsóknir fóru frá Vestfjörðum í flestar aðgerðir í Byggðaáætlun og allflestum auglýsingum miðlað á vef og fb síðu
	Fjöldi stöðugilda, hækkun framlaga til stofnana og varin störf						
	Tilkynningar til samstarfsaðila um verkefni						Upplýsingum miðlað á vef Vestfjarðastofu og til sveitarfélaga
	Mótun orkuverkefnis						Verkefni í mótun frá maí 2020 og lýkur með stofnun Bláma.



### Umhverfisvottun

Verkefnið Umhverfisvottun var vistað hjá Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) allt árið 2020. NAVÉ hafði því umsjón með verkefninu og annast öflun gagna og kynningu á verkefninu.

### Skipulag haf- og strandsvæða - Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Samkvæmt bráðabrigðaákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða (88/2018) er mælt fyrir um að fyrstu svæði sem unnið skal að verði strandsvæða Vestfjarða og Austfjarða. Svæðisráð Strandsvæðaskipulags Vestfjarða var skipað seint á árinu 2018 og fyrsti fundur ráðsins var haldinn í apríl 2019. Á árinu 2020 var haldinn 3. fundur þann 3. mars þar sem farið var yfir lýsingu skipulagsins og var lýsingin lögð út til kynningar í maí og opnuð Skipulagsjá. 4. fundur var 24. júní á Bíldudal þar sem fjallað var um hugmyndir að skiptingu hafsvæða auk vettvangsferðar. Í lok nóvember voru haldnir samráðsfundir með hagsmunaaðilum s.s. sjávarútvegi, fiskeldi, ferðaþjónustu, útivist, náttúruvernd, innviði.

Staða verkefnisins og nánari lýsing má finna á heimasíðu verkefnisins [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is).

### Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!

Unnið var áfram að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Bygðastofnun.

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 17. ágúst 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Önnur mál væru í raun aukaatriði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan.

Verzlunarfjlagið naut áfram rekstrarstyrks frá Bygðastofnun. Reksturinn hefur gengið vonum fram. Þar skiptir ekki síst máli hversu vel Verzlunarfjlagið hefur fest sig í sessi sem miðpunktur og samkomustaður sveitarfélagsins.

Verkefnisstjóri kom að vinnu við umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og fékkst styrkur þaðan upp á 2,5 mkr. til að hanna og framkvæma endurbætur við Norðurfjarðarhöfn með sérstakri áherslu á öryggi ferðamanna, en höfnin er afar vinsælt myndefni og hefur stundum staðið tæpt. Með þessari vinnu verða skilin milli vinnusvæðis og ferðamannasvæðis skerpt.

Unnið var að umsókn í verkefnið Ísland ljóstengt og þrýst á um lagningu ljósleiðara. Sú vinna skilaði ríkulegum árangri á vordögum 2021 með 46,5 mkr styrk til lagningar ljósleiðara og mun Orkubú Vestfjarða nýta samlegðaráhrif verkefnisins og leggja þriggja fasa jarðstreng í hreppinn. Þetta verkefni er afar mikilvægt fyrir hreppinn, en rafmagnsmál hafa hamlað uppbyggingu þar um árabil.

Verkefnisstjóri vann að hugmyndum um lagningu hitaveitu úr Krossnesi í Norðurfjörð. Sótt var um styrk til Orkuseturs og fékkst 500.000 kr styrkur til að dæluþróa borholuna, uppfæra drög að lagningu hitaveitu, semja við landeigendur og stofna félag um hitaveituna.

Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um nýtingu menningarminja, en til þess hafði fengist styrkur úr ríkissjóði. Verkefnið fólst í skráningu og kortlagningu minja í hinum forna verslunarstað Kúvíkum.

Með því að smella hér er hlekkur á skýrslu Áfram Árneshrepps vegna ársins 2020.

### **Brothættar byggðir á Þingeyri – Öll vötn til Dýrafjarðar**

Verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri hóf sitt þriðja ár 2020. Verkefninu hefur fylgt fjármagn sem nýtt er til úthlutunar styrkja einu sinni á ári. Árið 2020 var undantekning frá þessu þar sem tvær úthlutanir fóru fram ásamt sérstakri úthlutun úr Öndvegissjóð Brothættra byggða. Ástæða þessarar undantekningar var aukafjármagn sem veitt var til verkefnisins til að bregðast við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins.

Hafa þessar breyttu aðstæður í þjóðfélaginu vegna heimsfaraldursins sett svip sinn á verkefnið. Stjórnarfundir voru óvenju margir árið 2020 eða í kringum 11, bæði með allri stjórninni og undirbúningsnefnd stjórnar vegna styrkúthlutunar. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn þurftu að aðlaga sig breyttum aðstæðum og fóru fundir þeirra fram rafrænt. Þetta form hentaði vel til funda en ekki jafn vel til íbúafunda og er það ástæða þess að ákveðið var að halda ekki íbúafund árið 2020.

Þrátt fyrir þetta hefur verkefnið gengið vel og ýmislegt áunnist. Mörg verkefni eru í gangi, mislangt á veg komin og sumum þeirra er lokið. Allt eru þetta verkefni sem hafa þýðingu fyrir samfélagið á Þingeyri og við Dýrafjörð.

Frá upphafi verkefnisins 2018 hafa 55 verkefni verið styrkt að upphæð rúmlega 27,5 milljónir. Einnig fékk eitt verkefni frá Þingeyri styrk úr Öndvegissjóði fjórar milljónir. Kynjahlutfall umsækjenda hefur verið nokkuð jafnt. Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað íbúa svæðisins við að sækja um styrki í aðra samkeppnissjóði og hefur umsóknum frá svæðinu í slíka sjóði fjölgað mikið. Þó nokkur verkefni hafa fengið styrk úr þessum samkeppnissjóðum. Nokkur þessara verkefna gætu skilað auknum störfum inn á svæðið þegar fram líða stundir. Má segja að það sé ein birtingarmynd þess hvernig verkefnið hefur gengið fram til þessa.

Verkefnisstjóri hefur setið fjöldann allan af fundum utan við stjórnarfundir, sem tengjast styrkumsóknum, ýmsa aðstoð við fyrirtæki og íbúa. Mánaðarlegir fundir með bæjarstjóra og bæjarritara Ísafjarðarbæjar ásamt mánaðarlegum fundum með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.

### **Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis**

Verkefnisstjóri hefur átt í miklu og góðu sambandi við íbúana. Áhugi íbúanna er þó nokkur gagnvart verkefninu, en misjafnt er hversu mikið frumkvæði íbúarnir sýna verkefnum sem tengjast markmiðunum sem þeir settu sér í upphafi. Ýmislegt hefur breyst til batnaðar og má þar t.d. nefna að nokkrar barnafjölskyldur hafa flutt til Þingeyrar á síðustu tveimur árum og atvinnutækifærum hefur fjölgað. Íbúasamtökin hafa eflst og hefur verkefnisstjóri komið að því verkefni, með því að sitja alla stjórnarfundir íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi. Aðstoðað við að miðla síðan áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Þegar á heildina er litið hefur verkefnið stuðlað að því að aukið fjármagn hefur komið inn í samfélagið og fjölbreytt aðstoð við íbúana átt sér stað, sem nýst hefur til samfélags- og atvinnuuppbyggingar.

Hlekkur á ársskýrslu Allra vatna til Dýrafjarðar 2020 með því að smella hér.

### **Brothættar byggðir í Strandabyggð – Sterkar Strandir**

Verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf þann 1. júní 2020 og hefur því heimsfaraldur sett mark sitt á heimsbyggðina alla, og verkefnið þar með, allan verkefnistímann. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, en sé nú að komast á fullt skrið. Íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið.

Segja má að verkefnið hafi farið rólega af stað og að nokkur hluti íbúa hafi ekki sýnt því nægjanlegan áhuga í upphafi. Þetta horfir þó til betri vegar og er nú á upphafsmánuðum ársins



2021 merkjanlegan mun að finna á þeim hópi fólks sem sýnir verkefninu áhuga og er að leita fjármögnunar og fyrirgreiðslu fyrir verkefni sín. Það er verulega ánægjulegt.

Með því að smella hér er hlekkur á ársskýrslu Sterkara Stranda.

### **Orkutengd verkefni**

Í flutningsmálum raforku var áfram unnið að undirbúningi hringtengingu flutningskerfis á Vestfjörðum með þátttöku í verkefnaráði Landsnets „Ísafjarðardjúp nýr afhendingarstaður“. Í verkefnaráðinu sitja m.a. fulltrúar sveitarfélaga þar sem áhrif nýrrar flutningslínu verða. Verkefnaráð Landsnets fundaði einu sinni á árinu (30. júní) og er unnið að undirbúningi umhverfismats nýrrar flutningslínu og tengipunkts.

Hringtenging flutningskerfis á sunnanverðum Vestfjörðum var áfram í vinnslu hjá Landsneti og áhrif óveðurs í desember 2019 og janúar 2020 ýtti enn frekar eftir úrbótum á þessu sviði enda gríðarlega mikilvægt að tryggja afhendingaröryggi til hratt vaxandi atvinnulífs á svæðinu. Lagning kapals um Dýrafjarðargöng eykur afhendingaröryggi til norðanverðra Vestfjarða en styrkir um leið hringtengingu flutningskerfis á sunnanverðum Vestfjörðum.

Ákveðið var að fá greiningu á eftirspurn rafmagns til framtíðar litið með gerð sértækrar raforkuspár fyrir Vestfirði og verkfræðistofan Efla fengin til þess verks og skilaði niðurstöðum í upphafi ársins. Skýrsla Eflu er aðgengileg á vef Vestfjarðastofu og má lesa hana með að smella hér.

Undirbúin var verklýsing fyrir verðkönnun á úttekt á smávirðjanakostum Vestfjörðum og skilaði Verkis þeirri skýrslu vorið 2020. Skýrsluna má finna á vef Vestfjarðastofu og má lesa hana með að smella hér.

Unnar voru umsagnir um Kerfisáætlun Landsnets þar sem lögð var áhersla á að hringtenging á sunnanverðum Vestfjörðum kæmist á framkvæmdaáætlun. Í umsögn um langtímaáætlun var lögð áhersla á tengipunkt í innanverðu Ísafjarðardjúpi og hringtengingu flutningskerfis á Vestfjörðum.

Ítarlega umsögn um kerfisáætlun má finna á vef Vestfjarðastofu undir verkefninu Umsagnir.

### **Blámi**

Í lok ársins 2020 var skrifað undir samning um samstarfsverkefnið Bláma sem er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar. Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða til næstu þriggja ára. Blámi er nýtt samstarfsverkefni á Vestfjörðum sem snýr að nýsköpun og þróun tækifæra í vetni, orkuskiptum og grænni verðmætasköpun tengdri starfsemi á svæðinu.

Vestfjarðastofa hlakkar til samstarfssins við Bláma og væntir mikils af verkefninu.



## Menningarmál

Á sviði menningarmála felast verkefni að miklu leyti í ráðgjöf vegna styrkja Uppbyggingarsjóðs bæði fyrir og eftir styrkveitingar. Kynningarfundir voru haldnir í tengslum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði víðsvegar um Vestfirði auk þess sem menningarfulltrúi og aðrir starfsmenn Vestfjarðastofu veittu ráðgjöf við gerð styrkumsókna. Menningarfulltrúi hefur lagt sig fram við að halda sambandi við styrkþega og fylgjast með stöðu verkefna á menningarsviðinu.

Mennta- og menningarmálaráðherra boðaði til samráðsfunda með helstu fulltrúum menningarlífsins á landinu öllu til að bregðast við stöðu menningarmála í heimsfaraldri. Menningarfulltrúi sat þessa fundi og lagði til að samtal af þessu tagi færi fram reglulega auk þess að þrýsta á um fjárhagslegan stuðning ríkisins við listamenn sem skyndilega misstu alla innkomu sína vegna takmarkana.


Með stofnun Menningarráðs Vestfjarða var leitast við að efla samtal og samstarf helstu menningarstofnana á Vestfjörðum. Haldin var röð fjarfunda þar sem öllum sem skilgreindu sig í menningargeiranum var boðin þátttaka. Umræðuefni fundanna var fjölbreytilegt þó yfirmarkmið þeirra hafi verið að stappa stálinu í fólk í faraldrinum og gefa fólki vettvang til að skiptast á góðum ráðum. Þessir fundir tókust vel og var almenn ánægja með þetta framtak.

Unnið var að samantekt um stöðu safnamála á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á möguleika á auknu samstarfi og hugsanlegum sameiningum safna. Rætt var við aðstandendur allra safna og setra og reynt að greina stöðuna. Áætlað er að skýrsla um þessi mál verði tilbúin í júní 2021.

Samstarf menningarfulltrúa landshlutanna var eftt í faraldrinum, enda sjaldan brýnni ástæða til að skiptast á reynslu og aðferðum til að takast á við sérstakar aðstæður. Áfram er unnið að því að bæta umsóknargátt Uppbyggingarsjóðs þó erfitt sé að fá fjármagn til að klára hana þannig að sómi sé að. Endurskoðun byggðáætlunar hófst í október og stendur enn þegar þetta er ritað.

Unnið var að átaksverkefninu Location Westfjord, en það fólst í því að reyna að laða að kvikmyndagerðarfólk með verkefni sín til Vestfjarða með endurgreiðslum á hluta þess kostnaðar sem fellur til á svæðinu. Slíkum verkefnum fylgja enda yfirleitt mikil umsvif, þörf fyrir gistingu, mat og þjónstu af ýmsu tagi. Fjögur stærri kvikmyndaverkefni fóru fram á Vestfjörðum á árinu.

### Skipting launakostnaðar



### Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Menning	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Menningarráð 2020	Reglulegt samtal milli forstöðumanna menningarstofnana						Almennt starf menningarfulltrúa fer undir þennan lið 50%. Haldið var uppi samtali milli menningarstofnana á Vestfjörðum. Almenn ánægja var með verkefnið og það talið vera afar þarft í breyttum heimi heimsfaraldurs
	A.m.k eitt sameiginlegt verkefni á Vestfjarðavisu						Haldin var röð fjarfunda þar sem öllum menningartengdum aðilum á Vestfjörðum var boðið til samtals.




Menning	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Straumar	Fjöldi listviðburða ungra listamanna af vestfirskum uppruna á Vestfjörðum						Straumar fóru ekki fram árið 2020, en heppnaðist vel árið 2019 og enn betur 2018. Það ár var mikið lagt upp úr samtali hinna ungu listamanna. Þau völdu að sameinast um einn stað og varð Flateyri fyrir valinu. Afurðin varð listahátíð og voru Flateyringar mjög ánægðir með árangurinn.
Þjóðleikur á Vestfjörðum	Fjöldi verkefna í Þjóðleik á Vestfjörðum						Leiklistarverkefni ungs fólks. Þjóðleik var frestað um eitt ár, en undirbúningur er hafinn fyrir starfið haustið '21
Fundir með sveitarfélögum	Fundir í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum						Almennt starf menningarfulltrúa fer undir þennan lið 50%. Fundum frestað til ársins 2021
	Greinargerð um stöðu mála í hverju sveitarfélagi						Verkefnið frestast til ársins 2021
Samstarf menningarfulltrúa	Þátttaka í fundum menningarfulltrúa landshlutanna						Reglulegir fundir menningarfulltrúa landshlutanna, heimsókn á Suðurland.
	Minnisblað sem dregur saman efni funda						Nokkuð skorti upp á markvissa fundarritun.
	Samstarfsverkefni milli landshluta						Samstarf og skilvirkt samstarf hefur verið m.a. um þróun umsóknargáttar Uppbyggingarsjóðs, endurskoðun Byggðaáætlunar o.fl.
Samstarf safna á Vestfjörðum	Skýrsla um niðurstöður vinnunnar og tillögur um breytingar.						Áætlað er að skýrslugerð ljúki í byrjun júní '21
	Heildarsýn yfir starfsemi safna og setra á Vestfjörðum						Nokkuð skýr heildarsýn yfir starfsemi safna og setra á Vestfjörðum kemur fram í skýrslunni.
	Mat á samstarfs- og sameiningarmöguleikum innan fjórðungsins						Lagt er mat á samstarfs- og sameiningarmöguleika í skýrslunni.



## Markaðsstofa Vestfjarða

Árið hefur verið erfitt í ferðapjónustunni, en á Vestfjarðastofu var mikið að gera við undirbúning verkefna, fundi og ráðgjafasamtöl. Rík ástæða er til að hafa áhyggjur af því að afleiðingar Covid verði þær að margra ára uppbygging, þekking og reynsla tapist úr ferðapjónustunni hér rétt eins og um allan heim. Uppbyggingarstarf og viðspyrna er framundan og teljum við á Vestfjarðastofu Vestfjarðaleiðina vera afar mikilvægt verkfæri í viðspyrnu ferðapjónustu á svæðinu.

### Skipting launakostnaðar:



### Árangursmat deildar

Erfitt getur reynst að meta árangur verkefna hjá stofnun eins og Vestfjarðastofu. Mælingar eru hér gerðar út frá árangursmælikvörðum í starfsáætlun og eru mælikvarðar árangursmatsins eftirfarandi:

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Markaðsstofa / áfangastaðastofa	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	Þátttaka í samráðsfundum					5	Hluti samráðsfunda haldnir á Teams vegna Covid en náðist að funda með öllum sveitarfélögum.
	Þátttaka í kynningarfundum				4		Verkþætti ekki lokið en kynningarfundir er æskilegt að halda sem staðfundir.
	Birting nýrra aðgerðaáætlana				4		Drög birt en yfirferð athugasemda eftir.
Blaðamannaferðir	Umfjallanir í fjölmiðlum					5	Umtalsverð umfjöllun í fjölmiðlum um Vestfirði þrátt fyrir Covid
	Fjöldi hóp- blaðamannaferða	1					Ekki í gangi vegna Covid
	Fjöldi blaðamanna á eigin vegum					5	Nokkur fjöldi blaðamanna á ferðinni á eigin vegum
Stafrænir Vestfirðir	Fjöldi þátttakenda sem fær ráðgjöf					5	Verkefni breytt og fyrirtæki styrkt til stafrænna verkefna og ráðgjafar.
	Könnun á stafrænni getu - niðurstöður	1					Verkefni breytt.
Hringvegur 2 - Vestfjarðaleiðin	Þátttaka í vinnustofum			3			Verkefni beytt og ekki haldnar vinnustofur en farið í markaðs- og kynningarstarf og vinnustofum seinkað.
	Þátttaka í verkefninu					5	Fjölgun þátttakenda í Vestfjarðaleiðinni og fjöldi skráðra þátttakenda 47 fyrirtæki.
	Markaðsefni unnið					5	Mikil áhersla á vinnslu markaðsefnis, vinnustofur og kynningar haldnar í fjarfundum á helstu mörkuðum.
	Mörkunarvinna í tengslum við mat og veitingar			3			Tengist Westfjords food, hefur hægt á vinnu en fer af stað 2021.
	Opnun Hringvegs 2 - ferðamannaleiðar					5	Vestfjarðaleiðin opnuð 25. október 2020

Markaðsstofa / áfangastaðastofa	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Sýningar	Sýnileiki Vestfjarða						Midatlantík haldin en Vestnorden og aðrar sýningar og vinnustofur féllu niður.
	Þátttaka fyrirtækja af svæðinu í sýningum						Covid
Mannamót	Fjöldi fyrirtækja frá Vestfjörðum sem tekur þátt						Mannamót haldin og 14 skráðir þátttakendur frá Vestfjörðum. Nokkur afföll af þátttöku vegna veðurs og færðar.
	Blaðagreinar, birtingar og umfjöllun						
Vestfjarðakort	Útgáfa korts						Útgáfu frestað til 2021
	Dreifing korts						
	Fjöldi auglýsenda - tekjur af korti						
Samfélagsmiðlar og blogg	Fjöldi færsla á miðlum						Daglegar færslur á samfélagsmiðlum (Instagram og fb)
	Fjöldi blogg færsla						
	Stærri myndasafn						Myndasafn stækkað umtalsvert og unnið því að gera aðgengilegra fyrir aðila markaðsstofu
Heimasíða og fréttabréf	Útgáfa fréttabréfa						Ársfjórðungslegt+
	Endurnýjuð heimasíða Visit Westfjords						Unnið að endurnýjun - fer í loft um mitt ár 2021
Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs	Nýjir samningar um fjármögnun starfsemi MV						Mikil vinna við samningagerð sem lauk undir lok árs 2021
	Faghópur ferðapjónustu fundar reglulega						Allir fundir rafrænir
	Ársfundur aðila MV haldinn						Nokkrir rafrænir fundir haldnir með aðilum en ekki formlegur ársfundur
	Ferðapjónustudagur haldinn						
	Morgunfundir ferðapjóna haldnir á öllum svæðum						Aðeins rafrænir samráðsfundir
	30 fyrirtæki heimsótt						Ráðgjöf til ferðapjónustufyrirtækja vegna Covid umtalsverð og mikið samtal við fyrirtæki vegna aðgerða og aðstoðar.



Á Vestfjarðastofu hefur árið verið nýtt til að sinna fjölmörgum verkefnum sem ætlað var að styðja ferðaþjónustu á árinu. Meðal þeirra verkefna var auglýsingaherferðin „Keyrðu kjálkann“ og undirbúin var vetrarherferð sem enn hefur ekki verið hægt að nýta vegna samkomutakmarkana.

Unnið hefur verið í gerð vefsíðu fyrir Vestfjarðaleiðina og Vestfjarðastofa tók þátt ásamt öðrum markaðsstofum landshlutanna og Íslandsstofu í gerð vefjarins [www.upplifdu.is](http://www.upplifdu.is) sem er gagnvirkur ferðavefur.

Sú breyting verður á næsta ári að heiti Markaðsstofu Vestfjarða verður, með fyrirvara um samþykki sveitarfélaga á Vestfjörðum, breytt í Áfangastaðastofu Vestfjarða. Er þetta gert vegna nýrra samninga um rekstur og fjármögnun ferðaþjónustuverkefna sem gerðir eru við Atvinnuvegaráðuneytið og Ferðamálastofu.

### Vestfjarðaleiðin - ferðamannaleið

Ferðaþjónustan á Vestfjörðum hefur talað fyrir því að Vestfjarðahringurinn, sem verður til við gerð Dýrafjarðarganga og endurbyggingu vegar yfir Dynjandisheiði og Bíldudalsafleggara verði skilgreindur sem ferðamannaleið.

Ferðamannaleiðin hefur fengið nafnið Vestfjarðaleiðin og er með henni verið að skapa nýtt aðdráttarafl fyrir Vestfirði og Ísland sem byggir á upplifun og afþreyingu. Með Vestfjarðaleiðinni er ekki eingöngu skapaður vettvangur fyrir hefðbundin ferðaþjónustufyrirtæki að koma sinni afurð á framfæri, heldur tengist Vestfjarðaleiðin hvers konar upplifun á mat, menningu, náttúru og mannlífi svæðisins.

Vestfjarðaleiðin opnaði samhliða Dýrafjarðargöngum í október. Þróun og uppbygging leiðarinnar heldur áfram þrátt fyrir mikla óvissu í íslenski ferðaþjónustu sem að sjálfsögðu á ekki síður við vestfirsku ferðaþjónustu

